

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjóð Egils Hallgrímssonar“, útgefin á 95
venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. maí 1950. 24. maí
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Egils Hallgrímssonar.

1. gr.

Sjóður Egils Hallgrímssonar er stofnaður 6. maí 1950, sama mánaðardag og reglugerð fyrir unglingskólann í Stykkishólmi var útgefin af Stjórnarráði Íslands árið 1911. Stofnandi hans er Egill Hallgrímsson, fyrsti skólastjóri unglingskólans í Stykkishólmi. Stofnfé sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur. Er hann eign gagnfræðaskólans í Stykkishólmi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins skal leggja í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilmálum, að næstu fimmtíu árin greiðist árlega til stjórnar sjóðsins $\frac{1}{3}$ árlegra vaxta, en $\frac{2}{3}$ vaxtanna leggist við höfuðstól. Síðan greiðist árlega til stjórnar sjóðsins helmingur árlegra vaxta, en hinn helmingurinn leggist við höfuðstól.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri gagnfræðaskólans í Stykkishólmi, formaður skólanefndar gagnfræðaskólans og sóknarpresturinn í Stykkishólmi. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ráðstafar handbæru fé sjóðsins á þessa leið: Í næstu 25 ár skal veita verðlaun þeim nemanda, er hæsta einkunn hlýtur í stærðfræði á landsprófi í bóknámsdeild miðskóla.

Að þessum 25 árum liðnum skal veita tvönn verðlaun, önnur fyrir hæstu einkunn í stærðfræði, hin fyrir hæstu einkunn í eðlisfræði. Verðlaunin skulu vera bók.

Þá er hálf öld er liðin frá stofnun sjóðsins, skal verja handbæru fé, umfram bókaverðlaun, til styrktar einum efnilegum fátækum nemanda til framhaldsnáms að loknu landsprófi.

Að liðinni öld frá stofnun sjóðsins, skal það handbært fé, sem umfram verður því, er gengur til verðlauna, deilast sem styrkur handa tveim eða fleiri efnilegum fátækum nemendum, er stunda framhaldsnám að loknu landsprófi. Er stjórn sjóðsins falið að haga styrkveitunni milli svo margra nemenda, er hún telur bezt á fara. Sami nemandi skal ekki hljóta styrk nema í eitt sinn.

Skólastjóri ritar í verðlaunabók nafn nemandans, sem verðlaunin hlýtur, og getur um, fyrir hvað verðlaunin eru veitt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins semur árlega reikning sjóðsins og skal hann birtur í skýrslu skólans.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 6. maí 1950.

Egill Hallgrímsson.